


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>ÍSLE2KB05</b> <b>Námsáætlun haustannar 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

<b>Kennari</b>	Rannveig Karlsdóttir, Snorri Björnsson	<b>Sk.st.</b>	RAN, SNO
----------------	--	---------------	----------

## **Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá landnámi til nútímans.**

### **Áfangalýsing**

Í þessum áfanga er fjallað um upphaf og sögu íslenskrar ritmenningar og þróun hennar fram til nútímans. Fjallað verður um íslenska bókmenntasögu og hin ýmsu tímabil hennar. Lesnir verða valdir bókmenntatextar frá umræddum tímabilum, unnið með þá með ýmsu móti og leitast við að setja íslenskar bókmenntir í samhengi við evrópskar bókmenntir og menningu. Nemendur verða jafnframt þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem nemendur vinna, ýmist hver fyrir sig eða með öðrum, og reyna á sjálfstæð vinnubrögð og hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun. Viðfangsefni verða tengd við menningarviðburði í nærsamfélaginu eftir því sem færi gefst.


### **Markmið:**

#### **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- íslenskri bókmenntasögu frá landnámi til nútímans
- mismunandi tegundum bókmennta
- nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda

#### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa bókmenntatexta frá ýmsum tímum sér til gagns
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra á skapandi hátt
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- nota heimildir og hjálpargögn með markvissum hætti

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	<b>ÍSLE2KB05</b>	
	<b>Námsáætlun haustannar 2019</b>	

- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum
- nota heimildir af ýmsu tagi og geta fléttað efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka þátt í málefnalegum umræðum í tengslum við verkefnavinnu og -skil, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

#### **Námsgögn:**

*Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900.* Útgáfu önnuðust Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. Útgáfur frá 2008 eða síðar. Mælt er með að nemendur eigi og noti *Handbók um ritun og frágang* e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 (MM), eða síðar.

*Króka - Refs saga* (hægt að nálgast á netinu), auk annarra valinna texta.

Athugið að ætlast er til að nemendur skoði Moodle síðu áfangans og lesi þá texta og glærur sem þar eru.


#### **Áætlun um yfirferð:**

##### **1. lota (20. ágúst – 20. september): Nútímabókmenntir**

Farið yfir helstu **bókmenntastefnur 20. og 21. aldar** og lykiltexatar eftir valda höfunda lesnir. Nemendur velja sér bók í samráði við kennara til að lesa og skrifa ritgerð. Vægi lotunnar er 15% af lokaeinkunn. Í lok þessarar lotu eða upphafi þeirrar næstu verður tímapróf.

##### **2. lota (23. september – 25. október): Lærdómsöld og upplýsingaröld, rómantik og raunsæi** Stutt innlegg og umfjöllun um Íslands- og bókmenntasögu tímabilsins.

Fjallað um tengsl við aðrar listgreinar, svo og evrópskar bókmenntir. Tengsl við sömu stefnur á 20. og 21. öld skoðuð. Lykiltexatar lesnir, auk styttri verkefna. Nemendur velja sér viðfangsefni úr framangreindum stefnum og vinna verkefni og kynna (15%). Tímapróf úr efni 1. og 2. lotu er í viku 42 (10%). Vægi lotunnar er 25% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>ÍSLE2KB05</b> <b>Námsáætlun haustannar 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

### 3. lota (28. október – 6. desember): Miðaldabókmenntir

Stutt innlegg og umfjöllun um bókmenntasögu miðalda, trúarlíf og Íslandssögu. Lykiltexar lesnir og ýmis stutt verkefni unnin, s.s. verkefni úr Króka-Refs sögu. Vægi lotunnar er 10% af lokaeinkunn.


#### Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
1. lota Ritun, lestur, greining, heimildavinna	Ritgerð um nútímaskáldsögu. Einstaklings/paraverkefni.		15%
2. lota Próf	Tímapróf. Einstaklingsverkefni.		10%
2. lota Lestur, ritun, heimildavinna	Kynning á verkefni úr efni 2. lotu. Paraverkefni		15%
3. lota Króka-Refs saga	Verkefni úr Króka-Refs sögu.		10%
Öll önnin Moodle verkefni	Moodle verkefni. Einstaklingsverkefni		10%
Próf	Lokapróf		40%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

**Annað:** Nemendur verða að skila ritgerð til að mega taka lokapróf. Athugið að ef kynningarverkefni er ekki flutt fyrir allan bekkinn heldur aðeins kennarann einan, lækkar einkunn nemandans. **Nemendur þurfa að fá 4,0 að lágmarki í einkunn á lokaprófi til þess að standast áfangann.**

Athugið að í áfanganum er gert ráð fyrir töluverðri heimavinnu, bæði lestri og verkefnavinnu, enda er reiknað með að 40% vinnunnar í 5 eininga áföngum fari fram sem heimavinna. Fylgist því vel með og hefjist strax handa við lestur og verkefnavinnu.

Annað:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	<b>ÍSLE2KB05</b>	<b>Námsáætlun haustannar 2019</b>

\*Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila.

\*Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 7 kennsludögum eftir próf-/matsdag. Kennara er heimilt að lækka einkunn nemanda fyrir hvern dag sem skilað er of seint.

\*Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tímum en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða ófyrirséðra atvika.

**Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.**

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

19. 8. 2019

Undirritun kennara

*Rannveig Katla*

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

*Asbjörg Ben*